

**Ed.**

**477. Nefndarótt**

um frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum nr. 43, 10. nóv. 1905.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin telur ekki rjett að setja sjerstakt hámark á launum oddvita. Störf þeirra vaxa tiltölulega meira en eftir mannfjölda, og i stórum hreppum, sjerstaklega i sjávarplássum, hefir þegar brytt á því, að örðugt er að fá menn til að gegna oddvitastörfum frekar en lögmælt skyldarar, en af því getur sveitarfjelögum staðið stórskaði. — Leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt með breytingartillögu, er bætir um þetta.

**BREYTINGARTILLAGA.**

Við 1. gr., 2. málsgr.:

Í stað hennar komi:

Þó eigi minna en 60 kr.

Alþingi, 15. ágúst 1917.

Magnús Torfason,  
formaður og ritari.

H. Hafstein.

Kristinn Danielsson.